

BÓKUN 33***UM GERÐARDÓMSMEÐFERÐ***

1. Hafi deilumáli verið vísað til gerðardóms skulu gerðardómsmenn vera þrír nema deiluaðilar ákveði annað.
2. Hvor deiluaðili um sig skal tilnefna einn gerðardómsmann innan þrjátíu daga.
3. Gerðardómsmenn sem þannig hafa verið tilnefndir skulu koma sér saman um útnefningu eins oddamanns og skal hann vera ríkisborgari eins sammingsaðila, þó ekki með sama ríkisfang og tilnefndir gerðardómsmenn. Komi þeir sér ekki saman um oddamann innan tveggja mánaða frá því að þeir voru tilnefndir skulu þeir velja hann úr hópi sjö manna af skrá frá sameiginlegu EES-nefndinni. Sameiginlega nefndin skal taka þessa skrá saman og endurskoða hana í samræmi við starfsreglur nefndarinnar.
4. Gerðardómurinn skal setja sér starfsreglur nema sammingsaðilar ákveði annað. Hann tekur ákvarðanir með meirihluta atkvæða.